

Dreifibréf til lífeyrissjóða

7. júlí 2017
Tilvísun: 2017010428

Efni: Iðgjöld til öflunar lífeyrisréttinda í séreign samkvæmt 3. mgr. 4. gr. laga nr. 129/1997

Um síðastliðin mánaðarmót tóku í gildi breytingar á samþykktum hjá talsverðum fjölda lífeyrissjóða þar sem þeim var heimilað að taka á móti svokallaðri tilgreindri séreign í samræmi við kjarasamning milli aðildarfélaganna Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins.

Vegna villandi fréttáflutnings og upplýsinga á heimasíðum lífeyrissjóða, þess efnis að sjóðfélögum beri að ráðstafa iðgjaldi til tilgreindrar séreignar til sama lífeyrissjóðs og tekur við iðgjaldi vegna samtryggingar, telur Fjármálaeftirlitið rétt að vekja athygli á þeim reglum sem gilda um rétt sjóðfélaga til að ráðstafa iðgjaldi sem renna skal til séreignar.

Tilgreind séreign byggir á 3. mgr. 4. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, þar sem mælt er fyrir um heimild lífeyrissjóðs til að ákveða lágmarkstryggingavernd þannig að iðgjaldi sé varið að hluta til öflunar lífeyrisréttinda í séreign og að hluta til öflunar lífeyrisréttinda í sameign. Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. sömu laga getur sjóðfélagi ákveðið að ráðstafa til annars aðila en þess lífeyrissjóðs sem tekur við iðgjaldi vegna hans þeim hluta iðgjalds sem renna skal til séreignar skv. 3. mgr. 4. gr. Skal viðkomandi launagreiðandi eða lífeyrissjóður í slíkum tilvikum færa greiðslu samkvæmt ákvörðun sjóðfélaga til annars aðila án sérstaks kostnaðarauka fyrir sjóðfélagann, sbr. 2. mgr. 5. gr. sömu laga.

Í 3. mgr. 7. gr. reglugerðar 391/1998, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, kemur fram til viðbótar við það sem að framan hefur verið rakið að lífeyrissjóði sé skylt að upplýsa sjóðfélaga um rétt þeirra til að ráðstafa framangreindu iðgjaldi til annars aðila. Í 2. mgr. 7. gr. sömu reglugerðar kemur svo fram að velji sjóðfélagi að ráðstafa séreignarhluta iðgjalds vegna lágmarkstryggingaverndar til annars aðila skuli um útborgun séreignarinnar gilda sömu reglur og gilda myndu fyrir séreignarhlutann í þeim lífeyrissjóði sem hann greiðir samtryggingarhluta iðgjaldsins til.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND


Með hliðsjón af öllu framangreindu fer Fjármálaeftirlitið fram á að lífeyrissjóðir upplýsi sjóðfélaga sína um rétt sinn til að ráðstafa séreignarhluta iðgjalds vegna lágmarkstryggingaverndar til annars aðila. Þá fer Fjármálaeftirlitið fram á að lífeyrissjóðir yfirfari heimasíður sínar og fjarlægi villandi upplýsingar um framangreint og leiðrétti frétttaflutning sinn ef tilefni er til

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ



Rúnar Guðmundsson



Gunnar Þór Ásgeirsson